

22. desember 2011

Niðurstaða athugunar á rafrænu eftirliti Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt, með vísan til 1. og 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og 1. mgr. 31. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007, athugun á rafrænu eftirliti Nasdaq OMX Iceland hf. (Kauphöllin) með hlutabréfaviðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007 skal kauphöll hafa eftirlit með því að markaðsaðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði gilda og reka viðeigandi eftirlitskerfi með viðskiptum. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 110/2007 ber kauphöll að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verið gegn lögum, reglugerðum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði eða að brotið hafi verið gróflega eða ítrekað gegn reglum kauphallarinnar.

Fjármálaeftirlitið aflaði ítarlegra gagna frá Kauphöllinni, þar á meðal tölfræðilegra upplýsinga úr viðskipta- og eftirlitskerfi hennar. Jafnframt átti Fjármálaeftirlitið í bréfasamskiptum við Kauphöllina. Meðal þess sem var skoðað voru tegundir viðvörunarbjallna í rafrænu eftirlitskerfi Kauphallarinnar, tilboðabækur og hlutdeild eigin viðskipta tiltekinna fjármálafyrirtækja með eigin hlutabréf á tímabilinu.

Niðurstaða athugunarinnar er að Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við ákveðna þætti í eftirliti Kauphallarinnar á árinu 2008. Fjármálaeftirlitið telur t.d. að þegar horft er yfir langt tímabil og með hliðsjón af miklum söluprýstingi þá hefðu viðskipti tiltekinna fjármálafyrirtækja með eigin hlutabréf átt að vekja athygli Kauphallarinnar fyrr en raunin varð. Fjármálaeftirlitið telur þó ekki hægt að fullyrða að Kauphöllin hafi brotið gegn 21. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007.

Fjármálaeftirlitið vill taka það fram að meginábyrgð á eftirliti með verðbréfaviðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði hvílir á Fjármálaeftirlitinu, sbr. 133. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007. Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli 138. gr. laga nr. 108/2007 falið Kauphöllinni tiltekin eftirlitsverkefni. Til stendur að skipa vinnuhóp um hvernig megi bæta eftirlit með viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og hvernig verkaskiptingu milli Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins verður best háttáð til framtíðar.

Á grundvelli 9. gr. a. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum.